



## Samtakahópurinn, fjárfundur 27.maí 2021 kl. 09.00

*Mætt: Sigríður Bílddal, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, Fríða Guðlaugsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Davíð Már Gunnarsson, Betsý Ásta Stefánsdóttir, Hermann Borgar Jakobsson, Heiða Ingimundardóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Hjörtur Magni Sigurðsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.*

\*\*\*

### Fundargerð

1. Kynning á niðurstöðum úr Ungt fólk meðal nemenda í 5. – 7. bekk og nemenda í 8. – 10. bekk í Reykjanesbæ. Margrét Lilja Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá Rannsóknnum og greiningu kynnti



niðurstöður Rannsókna og Greininga annars vegar hjá nemum í 5. – 7. bekk og hins vegar hjá nemum í 8. – 10. bekk. Skólastjórar hafa fengið afhentar niðurstöður fyrir sinn skóla sem og hafa skýrslur fyrir Reykjanesbæ í heild sinni verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/8\\_10\\_reykjanesbaer.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/8_10_reykjanesbaer.pdf)

f

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/5\\_7\\_reykjanesbaer.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/5_7_reykjanesbaer.pdf)

2. *Nýtt úrræði – Eitt líf. Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður og Davíð Már Gunnarsson aðstoðarforstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins kynntu nýtt úrræði sem að forsvaraðilar forvarnarverkefnisins sem hefur fengið nafnið Eitt líf og er í minningu Einars Darra sem lést langt fyrir aldur fram vegna lyfjæitrunar.*

*Starfsfólk Fjörheima fór með kynningu á verkefninu inn í alla grunnskóla Reykjanesbæjar, þar sem veggspjöld voru hengd, armböndum dreift og leitarvél síðunnar, sem er frábær leið til þess að finna úrræði við allskyns vanda var kynnt.*

<https://www.eittlif.is/leitarvel/>

*Víkuna eftir var svo haldið sérstakt umræðukvöld í Fjörheimum, þar sem ungmennum gafst kostur á að koma og ræða um þessi mál við starfsfólkið – sem heppnaðist vel.*

*Minningarsjóður Einars Darra – Eitt líf stendur fyrir ýmsum fræðslu-, forvarnar- og vitundarvakningar verkefnum. Markmiðin með verkefnum Eins lífs eru að:*

- *Sporna við og draga úr misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum og notkun annarra ávana- og fíkniefna*
- *Stuðla að eflingu á verndandi þáttum í lífi einstaklinga, sér í lagi ungmenna*
- *Stuðla að samstöðu og jákvæðum framförum í málefnum sem varða/ og eða tengjast málaflokknum.*

*Nánar um verkefnið má nálgast á vefsíðunni [eittlif.is](https://www.eittlif.is)*

*Gunnhildur og Davíð komu einnig inn á það að verkefni Samtakahópsins um Orkudrykkjafræðslu íslenskra ungmenna hlaut á dögunum hvatningarverðlaun SAMFÉS, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi á Aðalfundi samtakana 12. Maí síðastliðinn.*

3. *Ný lýðheilsustefna í Reykjanesbæ – Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi Reykjanesbæjar fylgdi nýju lýðheilsustefnunni úr hlaði.*

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf\\_skjol\\_allir/2021/april/lydheilsustefna-reykjanesbaejar-2021.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/2021/april/lydheilsustefna-reykjanesbaejar-2021.pdf) <https://www.youtube.com/watch?v=JMzN9FzcsOs>

*Samtakahópurinn óskar lýðheilsuráði til hamingju með nýju stefnuna.*

4. Forvarnardagur Samtakahópsins, Fjörheima og Vinnuskólans.


Fræðsla um hjálmanotkun og rafhlaupahjól og fleira fyrir nemendur í Vinnuskólanum. Gunnhildur Gunnarsdóttir sagði frá að skipulagning

verði hafin. Kristján Freyr Geirsson varðstjóri forvarna hjá lögreglunni á Suðurnesjum verður með erindi um umferðarlög, hjálmanotkun o.fl.



5. Hvað segja ungmennin? Af hverju eru ungmennin ekki spurð? Betsý Ásta Stefánsdóttir og Hermann Borgar Jakobsson fulltrúar Ungmennaráðs kynntu hugmyndir þeirra hvernig eigi að bregðast við áskorunum er varða ungt fólk.

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/hafthor/afhverju-er-unga-folkid-ekki-spurt.pdf>



6. Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti verkefnið samþætting skólustarfs við íþróttá- og tómstundastarf sem ráðgert er að hefjist 9. ágúst nk. Boðið verður upp á akstur frá grunnskólum Reykjanesbæjar fyrir nemendur í frístundaheimilum (1. – 4. bekkur) Íþróttá- og tómstundahreyfingin er hvött til að reyna eftir fremsta megni að færa æfingar og fundi á hefðbundinn vinnutíma foreldra frá og með næsta hausti.

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/ithrotta\\_tomstundarad/2021/150/10.mal-akstur-2021-18.05.2021.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/ithrotta_tomstundarad/2021/150/10.mal-akstur-2021-18.05.2021.pdf)

7. Sumar í Reykjanesbæ

Kynnið ykkur fjölbreytt íþróttá- og tómstundatilboð á vefsíðunni [fristundir.is](http://fristundir.is) Hér að neðan er hlekkur á kynningarmyndband sem starfsfólk Fjörheima útbjó og sýnir hvernig síðan virkar <https://www.youtube.com/watch?v=77BSSby1ZBA>

8. Íþróttá- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19

Ríkisstjórn Íslands samþykkti nýverið að framlengja umsóknarfrest um sérstakan íþróttá- og tómstundastyrk til lágtekjuheimila

Samtakahópurinn skorar á íbúa sveitarfélagsins að kanna rétt sinn til styrksins. Á þitt barn rétt á 45.000 kr. sérstökum íþróttá- og tómstundastyrk?

<https://www.mcc.is/grants-for-sports-and-leisure-activities/>

Kannaðu málið hér: <https://bit.ly/3kJaFfH>

Fleira ekki gert og fundi slitið 10.30



**Gætir  
þú átt rétt  
á styrk?**

Ef þú átt barn á  
aldrinum **6-15 ára**  
getur það átt rétt  
á sérstökum  
**frístundarstyrk**

**45.000 kr.**

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til **31. júlí 2021**



**Należy  
ci się  
dotacja?**

Jeśli masz dziecko  
w wieku 6-15 lat które  
uprawia sport lub bierze  
udział w spotkaniach  
rekreacyjnych może  
otrzymać dofinansowanie  
w wysokości:

**45.000 kr.**

Termin składania wniosków o dotacje został przedłużony do **31 lipca 2021**



**Are you  
entitled to  
a grant?**

If your child is  
aged 6 -15, he or  
she could be entitled  
to a special leisure  
activity grant of:

**45.000 kr.**

The application deadline has been extended to **July 31st, 2021**

